

Aðalfundur FAAS 15.maí 2014 haldinn á Grand hóteli í Reykjavík kl. 17:30

Dagskrá:

1. Setning fundarins.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.
5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.
6. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.
7. Skýrslur fagráðs og starfshópa.
8. Lagabreytingar.
9. Kosning stjórnar.
10. Kosning skoðunarmanna reikninga, einn aðalmann og einn varamann.
11. Ákvörðun um árgjald.
12. Önnur mál.

- 1. Setning fundarins.** Fanney Proppé formaður setur fundinn kl. 17:40.
- 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Bjarndís Lárusdóttir kosin fundarstjóri og Guðríður Ottadóttir fundarritari.
- 3. Skýrsla stjórnar.** Fanney Proppé flutti skýrslu stjórnar 29. starfsárs FAAS. Þar kemur fram að Fanney hefur ákveðið að draga sig í hlé og bjóða sig ekki fram til formennsku. Mættir voru 27 félagsmenn, samkvæmt lögum hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem greitt hafa árgjald liðins árs. Félagsmenn eru í dag rúmlega 1200. Skýrsla formanns verður sett upp á heimasíðu FAAS.
- 4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram.** Svava framkvæmdastýra kynnir reikningana, ein fyrirspurn kom fram þar sem spurt var um heildarkostnað við endurbætur á Fríðuhúsi, Viðar Elísson endurskoðandi svaraði. Reikningar samþykktir.
- 5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda lagðir fram.** Svava kynnir reikninga félagsdeilda. Þar sem ríkisendurskoðun samþykkir reikningana þarf ekki samþykki fundarins.
- 6. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.** Forstöðukonur og Svava kynna vel framsettar og góðar skýrslur, samþykkt tillaga um að láta skýrslur á heimasíðu félagsins. Engar spurningar, einungis ánægja með góðan rekstur.

7. **Skýrslur fagráðs og starfshópa.** Engar skýrslur framlagðar.

8. **Lagabreytingar.** Engar.

9. **Kosning stjórnar.** Tillaga stjórnar FAAS að Árni Sverrisson verði næsti formaður FAAS starfsárið 2014-2015. Tillaga um þrjá aðalmenn í stjórn þá Brynjólf Bjarnason, Friðfinn Hermannsson og Kristnýju Rós Gústafsdóttur. Tillaga um tvo varamenn í stjórn Guðríði Ottadóttur og Helgu Sigurjónsdóttur. Allar tillögur einróma samþykktar.

10. **Kosning skoðunarmanna reikninga.** Tillaga stjórnar um Kristinn Jörundsson og Ragnheiði Karlsdóttur var einróma samþykkt.

11. **Ákvörðun um árgjald.** Samþykkt að upphæð verði óbreytt kr. 3.000.-

12. **Önnur mál.** Fanney Proppé þakkar fundarstjóra, ritara og fráfarandi stjórnarmönnum þeirra starf og góða samvinnu undanfarinna ára og óskar nýjum stjórnarmönnum velfarnaðar. Árni nýr kjörinn formaður þakkar traustið og segist taka við góðu búi með tilhlökkun. Fleira kom ekki fram og var fundi slitið kl. 19:10.

Guðríður Ottadóttir.